

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 384, 3. maí 2010,**  
**um strandveiðar fiskveiðiárið 2009/2010.**

1. gr.

3. tl. 4. gr. orðist svo:

Skipstjóri skal tilkynna um upphaf veiðiferðar áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning er send. Skipstjóri skal einnig tilkynna um lok hveirrar veiðiferðar. Tilkynningar skal senda Vaktstöð siglinga, um næstu strandarstöð, handvirkt um talstöð. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er í veiðiferð og ennfremur í hvaða höfn afla er landað. Fiskiskip skal hafa um borð sjálfvirkan fjareftirlitsbúnað. Komi upp misræmi milli tilkynninga um upphaf og lok veiðiferðar og skráningar samkvæmt sjálfvirka fjareftirlitsbúnaðinum getur Fiskistofa ákveðið að hin sjálfvirka skráning skuli lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt er að fara í veiðiferð nema fjareftirlitsbúnaður um borð sé virkur. Verði búnaður óvirkur í veiðiferð, skal strax tilkynna það til Landhelgisgæslu og halda tafarlaust til hafnar til löndunar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði 6. gr. a í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 10. maí 2010 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 5. maí 2010.*

F. h. r.

**Steinar I. Matthíasson.**

---

*Hrefna Gísladóttir.*